

## AUGLÝSING

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík  
um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1928.

*Skrás. 1928, nr. 1.*

Tilkynt 3. janúar 1928, kl. 3 síðd., af H.f. Kveldúlfur, fiski-  
veiðar og fiskútflutning, Reykjavík, og skrásett 27. s. m.

**BACALAO ISLANDIA**  
**KVELDÚLFUR ISLANDIA**

Líking af flöttum fiski, með uggum og sporði, en fiskurinn mynd-  
ast af misstórum bókstöfum, sem úr verður lesið eins og hjer segir: Á  
efri helming fiskjarins er orðið: Bacalao, en á neðri helming orðið:  
Kveldúlfur, og aftur á sporðinum stendur orðið: Islandia.

Merkið á að nota á umbúðir um fisk, er ætlaður er til útflutnings.

*Skrás. 1928, nr. 2.*

Tilkynt 3. janúar 1928, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 27. s. m.

**BACCALAO ISLANDIA**  
**KVELDÚLFUR ISLANDIA**

Líking af flöttum fiski, með uggum og sporði, en fiskurinn myndast af misstórum bókstöfum, sem úr verður lesið eins og hjer segir: Á efri helming fiskjarins stendur orðið: Baccalá, en á neðri helming orðið: Kveldúlfur, og aftur á sporðinum; Islanda.

130

Merkið á að nota á umbúðir um fisk, er ætlaður er til útflutnings.

*Skrás. 1928, nr. 3.*

Tilkynt 3. janúar 1928, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 27. s. m.

**BACCALAHAU ISLANDA  
KVELDÚLFUR**

Líking af flöttum fiski, með uggum og sporði, en fiskurinn myndast af misstórum bókstöfum, sem úr verður lesið eins og hjer segir: Á efri helming fiskjarins stendur orðið: Baccalhau, en á neðri helming orðið: Kveldúldur, og aftur á sporðinum: Islanda.

Merkið á að nota á umbúðir um fisk, er ætlaður er til útflutnings.

*Skrás. 1928, nr. 4.*

Tilkynt 3. janúar 1928, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 27. s. m.

**MERLUZZO ISLANDA  
KVELDÚLFUR**

130

Líking af flöttum fiski, með uggum og sporði, en fiskurinn myndast af misstórum bókstöfum, sem úr verður lesið eins og hjer segir: Á efri heilming fiskjarins stendur orðið: Merluzzo, en á neðri heilming orðið: Kveldúlfur, og aftur á sporðinum: Islanda.

Merkið á að nota á umbúðir um fisk, er ætlaður er til útflutnings.

*Skrás. 1928, nr. 5.*

Tilkent 30. janúar 1928, kl. 11 árd., af Fisadco Limited, verk-smiðjurekstur, London á Englandi, og skrásett 7. febrúar s. á.

Orðið:

## WIZARD

Merkið er skrásett í London 27. janúar 1926, 6. flokki, fyrir fisk-hreinsunarvjarlar, vjarlar til þess að losa fisk við bein, innýfli og hausa, vjarlar til þess að sneiða fisk, vjarlar til fiskþvotta, vjarlar til niðursuðu á fiski og svipaðar vjarlar.

*Skrás. 1928, nr. 6.*

Tilkent 20. febrúar, kl. 5 síðd., af American Hair Felt Co., verk-smiðjurekstur, Chicago í Illinois, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 25. febr. s. á.

Orðið:

## OZITE

Samkv. tilkynningu 8. desbr. 1922, er merkið skrásett í Wash-ington 28. ágúst 1923 fyrir loðdúks-kodda og loðdúks-setur.

*Skrás. 1928, nr. 7.*

Tilkent 13. mars 1928, kl. 6 síðd., af O. Mustad & Són, Verk-smiðjurekstur og verslun, Oslo í Noregi, og skrásett 17. s. m.




Upphafsstafurinn M í sporöskjulagaðri umgjörð.

Samkvæmt tilkynningu 13. ágúst 1925, er merkið skrásett í Oslo 130  
20. nóvember s. á. fyrir hóffjarðrir, nagla, öngla exir og haka.

*Skrás. 1928, nr. 8.*

Tilkynt 19. mars 1928, kl. 11 árd., af Aage Weihe, P. Christensen Eftf., verksmiðjurekstur og verslun, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 22. s. m.



Aflangur einkennismiði; til vinstri á honum er óregluleg sporöskjulöguð umgjörð og standa þar orðin: Hjemmets Maling ásamt ummælum um vöruna. Hægra megin á miðanum sjest í dökkum ferhyrningi efri parturinn af kvenmanni, sem er að mála stól, en þar fyrir neðan standa orðin: Hjemmets Maling í óreglulegri, sporöskjulagaðri umgjörð.

Samkv. tilkynningu 14. október 1927, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 22. s. m. fyrir olíumulin og tilbúin olíulitarefni.

*Skrás. 1928, nr. 9.*

Tilkynt 24. apríl 1928, kl. 11 árd., af Henning Orla Bruhn, verksmiðjurekstur, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 15. maímánaðar s. á.



Mynd af stúlku, sem heldur á skálp í annari hendinni og pjötlu í hinn og liggur á knjánnum bak við dreng, er hallar sjer fram á stól og heldur í annari hendinni á sokknum, sem hann hefir farið úr, og í hinn á pjötlu yfir gati á sokknum. Á buxum drengsins er sýnt gat og

- 130 annar skór hans liggur við fætur honum. Milli drengsins og stúlkunnar stendur orðið Durol. Við fætur stúlkunnar liggur hettan af skálpinum. Undir myndinni standa orðin: Trade-Mark.

Samkv. tilkynningu 30. nóvember 1927, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 23. desember s. á. fyrir allskonar límeftni.

*Skrás. 1928, nr. 10.*

Tilkynt 8. maí 1928, kl. 1 sídd., af Lambert Pharmacol Company verksmiðjurekstur. Wilmington í Delaware, Bandaríkjunum N.-Ameríku, og skrásett 29. s. m.

Orðið:

## LISTERINE

Samkv. tilkynningu 15. október og 4. nóvember 1927, er merkið skrásett í Washington 13. og 20. mars 1928 fyrir sápukend rakdeig, lyfblöndur, gerilsneiðandi blöndur og lyktheyðandi blöndur, tannduft, tanndeig, steinmjöl, lyftöflur til að hjálpa við meltingartruflun og veikindum í hálsi, kald-deig (cold cream) og baðsalt.

*Skrás. 1928, nr. 11.*

Tilkynt 7. júní 1928, kl. 12 á hád., af British Petroleum Company, Limited, verslunarrekstur, London, Englandi, og skrásett 12. s. m.



Ferhyrndur einkennismiði og standa efst á honum stafirnir — B. P., en þar fyrir neðan orðið: Motor Spirit, í tveimur línunum. Merkið er skrásett í London 13. júní 1921 fyrir bensín.

*Skrás. 1928. nr. 12*

130

Tilkynt 16. júní 1928, kl. 12 á háð., af Birni Björnssyni, brauð- og kökugjörð, Reykjavík. og skrásett 22. s. m.



Mynd af brauði með hvítu bandi um miðju þess, þar sem stendur með upphafsstöfum orðið: Bermaline. Eftir brauðinu endilöngu er annað band, sem á er lettrað á hvítum grunni orðið: „Bermaline“, en neman til við brauðið, hægra megin, orðið: brauð.

Merkið er skrásett fyrir allskonar brauð, kökur og kex.

*Skrás. 1928, nr. 13.*

Tilkynt 30. júní 1928, kl. 11 árd., af Graham-Paige Motors Corporation, verksmiðjurekstur, Detroit í Michigan. Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 4. júlí s. á.



Á óreglulega mynduðum einkennismiða er efst hringmyndaður flötur, með brjóstmyndum af þremur hjálmbúnum mönnum, á rákóttum grunni, en þar fyrir neðan eru tveir hvítir reitir og á þá lettuð orðin: Graham og Paige, á strikuðum grunni.

Samkv. tilkynningu 12. janúar 1928, er merkið skrásett í Washington 24. apríl s. á. fyrir bifreiðar og hluta í þær.

130

*Skrás. 1928, nr. 14.*

Tilkynt 24. júlí 1928, kl. 1 síðd., af I. G. Farbenindustrie Aktiengesellschaft verksmiðjurekstur. Frankfurt am Main, Þýskalandi, og skrásett 17. ágúst s. á.

Orðið:

## Leunaphos

Samkv. tilkynningu 9. febrúar 1926, er merkið skrásett í Berlín 3. júní s. á. fyrir áburðarefni.

*Skrás. 1928, nr. 15.*

Tilkynt 24. júlí 1928, kl. 1 síðd., af sama, og skrásett 17. ágúst s. á.

Orðið:

## Calurea

Samkv. tilkynningu 14. mars 1928, er merkið skrásett í Berlín 2. júní s. á. fyrir áburðarefni.

*Skrás. 1928, nr. 16.*

Tilkynt 24. júlí 1928, kl. 1 síðd., af Sinalco Aktiengesellschaft, verksmiðjurekstur, Detmold í Þýskalandi, og skrásett 17. ágúst s. á.



Sporöskjulagaður einkennismiði með ýmsum gyltum skrautlínunum á ljósum grunni. Nokkrar af línunum þessum lykja um óreglulegan, rauðan

reit, sem nær þversum yfir efri hluta miðans. Á reitnum sjest vínklas, fyllt freyðandi, ólgandi drykk, en þar fyrir ofan eru tvö flögrandi fiðrildi. Vinstra megin í rauða reitnum stendur með hvítum stöfum orðið: Sinalco. 130

Samkv. tilkynningu 5. júní 1909, er merkið skrásett í Berlín 16. ágúst s. á. — og síðar endurnýjað 22. apríl 1927 — fyrir öl, porter, ale, óáfengt öl, áfengislítið öl, gosdrykki, freyðandi vín, vermouth, aldinvín, áfengi, áfengissafa, engiferöl, brennivín, kryddvín, kryddvínaveig, seyði líkt áfengi, Floridavatn, aldinvatn, óáfenga drykki, aldinsafa, baðsalt, ný aldini. niðursoðin aldini, aldini látin í lög, aldinolíu, aldinlög og síróp.

Tilkynnandi er fyrst 13. október 1910 skráður sem eigandi merkisins.

*Skrás. 1928, nr. 17.*

Tilkynt 22. ágúst 1928, kl. 2 síðd., af Vibe-Hastrups kemiske Fabrikker ved Betty Vibe-Hastrup, verksmiðjurekstur, København, Danmörku, og skrásett 4. september s. á.

Orðið:

**„TITO“**

Samkvæmt tilkynningu 16. janúar 1928, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 28. s. m.

*Skrás. 1928, nr. 18.*

Tilkynt 22. ágúst 1928, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 4. september sama ár.

Orðið:

**„AUTOBON“**

Samkvæmt tilkynningu 9. desember 1927, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 31. s. m.

*Skrás. 1928. nr. 19.*

Tilkynt 22. ágúst 1928, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 4. september sama ár.

Orðið:

**„RENOL“**

130

Samkvæmt tilkynningu 16. janúar 1928, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 25. febrúar s. á. fyrir ætar plantekra-, garða-, landbúnaðar- og mölunar-afurðir og úrgangsefni, sjerstaklega korn, fræ og aldin, ætirætur, grænmeti, mjólk, rjóma, smjör, ost, egg, og hunang, vorur gerðar úr slíkum efnum, sjerstaklega grjón, mjöl, kaffi, tegras, mustard, krydd, sósu, öl, vín, áfengi, edik, óáfenga drykki, þurkaða, niðursoðna og lagaða ávexti, ávaxtasafa og mauk niðursoðið grænmeti, þurkaða og niðursoðna mjólk, þurkuð egg ætar oliur, sjúkramat, syk-ur, súkkulaði, kakao, brauð og kökur, sykur- og súkkulaðivörur, niðursoðinn fisk og kjöt, efni í meðul, lyfjaefni, ætar salttegundir, brunn og bað-salt, gosdrykki, plástur, umbúðir, efni til að útrýma með dýrum og plönt-um, hluta og tæki til baða, salerna og annars er að hollustu lýtur, efni til ljósmyndunar, slökkviefni og tæki, þjetti og lokaefni, efni til að einangra fyrir hita, rafmagni, hljóði og raka, áburðarefni, gleraðar og tinaðar vorur, bifreiðar, hreyfilbáta, skemtibáta fyrir segl og árar, flug-vjelar, hjól, bifhjól, rennihjól, hluta úr og tæki til slíkra samgöngu-tækja, leikfimis-, veiði- og sportvörur, leikföng, litunarefni og liti, svertu, fernis, terpentínu, olíu, lakk, bæs, skygnilakk, viðarkvoðu, límeefni, skó-áburð og skósvertu, fægiefni, skygniefni og brýnsluefni, gljáa, sútunar-efni, gólfáburð og önnur efni, er gera hluti gljáandi, blek og prent-svertu, beykiefni, línsterkju og línsterkjuefni, efni til að taka á burt bletti, litunarefni í þvott, efni til varnar við fúa, raka, ryði og eirgrænu, efni til vatnshreinsunar og til að hindra ketilsteinsmyndun, tvinna garn, kaðla, net og fljettur, alt úr trefjaefni eða málm, tróðefni, um-búðaefni, fast og fljótandi eldsneyti til ljósa, hitunar og orkuvinslu, kerti, kveiki, raflampa, vax smurningsefni, bensín, trjeningsvörur og vorur úr Kasein, Bakelít, Nokait og öðrum þjettungsefnum úr Formal-dehyd, gleri, postulíni, steining, leir, tjöruasfalti, gipsi, steinlími, kalki, steini, tilbúnum steini, biki og vörum úr slíkum efnum, með eða án íblöndunar, tæki til lækni- og dýralækni- notkunar, hjúkrunartæki, snyrtingartæki, húsgögn, spegla, rúm, peningaskápa, hljóðfæri og hluta úr þeim og búnað til þeirra, pappír, pappa, valpappa, veggfóður, harð-gúm, gólfdukk, kork og vorur úr slíkum efnum með eða án íblöndun-ar, teikni-, rit-, og málaraáhöld, efni til ljósmyndunar, prentunartæki, byggingarefni og -hluta, tóbak, tóbaksafurðir, vindlingapappír, eldspýt-ur, ofnar vorur og prjónles, prjónavörur, þófa, skinn og leður, vaxdukk, vorur tilbúnar úr slíkum efnum, þar með talinn fatnaður, skófatnaður, teppi, línklæði, rúmföt, tilbúin blóm, klukkur og hluta úr þeim, skildi og auglýsingataeki, rafala og rafvjelar, rafáhöld og tæki, efni í raflögn, alt fyrir háspennu, lágspennu og útvarp, hluta úr og tæki í slík áhöld, tal-vjelar, hluta og tæki við þær, fjarsjá, glysvörur og skrautvörur.

*Skrás. 1928, nr. 20.*

130

Tilkynnt 22. ágúst 1928, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 4. september s. á.

Orðið:

**„TIT“**

Samkvæmt tilkynningu 16. janúar 1928, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 21. apríl s. á. fyrir ætar plantekra-, garða-, landbúnaðar- og mölunarafurðir og úrgangsefni, sjerstaklega korn, fræ, aldin, ætirætur, grænmeti, mjólk, rjóma, smjör, ost, egg og hunang, vörur gerðar úr slíkum efnnum, sjerstaklega, grjón, mjöl, hrat, kaffi, tegras, mustard, krydd, sósu, öl, vín, áfengi, edik, óáfenga drykki, þurkaða, niðursoðna og lagaða ávexti, ávaxtasafa og mauk, niðursoðið grænmeti, þurkaða og niðursoðna mjólk, þurkuð egg, ætar oliur, sjúkramat, brauðvörur, niðursoðinn fisk og kjöt, læknislyf, efni til lyfja og heilsu-bóta, fegrandi efni, sóttthreinsandi efni, gerileyðandi efni, lyfjaefni og samblandingar, ilmvökva, ilmvötn, efni til að eyða ólykt, ætar salttegun-dir, brunn- og baðsalt, gosdrykki, plástur, umbúðir, efni til að útrýma með dýrum og plöntum, hluta og tæki til baða, vaska, salerna og annars er að hollustu lýtur, efni til ljósmyndunar, slökkviefni og tæki, þjetti- og lokaefni, efni til að einangra fyrir hita, rafmagni, hljóði og raka, áburðarefni, hnífasmíðisvörur, járnvörur, verkfæri, gleraðar og tinaðar vörur, bifreiðar, hreyfilbáta, skemtibáta fyrir segl og árar, flugvjarlar, hjól, bifhjól, rennihjól, hluta úr og tæki til slíkra samgöngutækja, leikfimis-, veiði- og sportvörur, leikföng, litunarefni og liti, svertur, fernis, terpentínu, olíu, lakk og bæis, skygnilakk, viðarkvoðu, límefni, skóáburð og skósvertu, fægiefni, skygniefni og brýnsluefni, gljáa, sítunarefni, gólfáburð og önnur efni er gera hluti gljáandi, blek, prentsvertu, þvotta og bleikjuefni, sápu, línsterkju og línsterkjuefni, efni til að taka burt bletti, litunarefni í þvott, efni til að varna við fúa, raka, ryði og eirgrænu, efni til vatnshreinsunar og til að hindra ketilsteinsmyndun, tvinna, garn, kaðla, net og fljettur, alt úr trefjaefni eða málmi, tróðefni, umbúðarefni, fast og fljótandi eldsneyti til ljósa, hitunar og orkuvinslu, kertí, kveiki, raflampa, vax, smurningsefni, bensín, trjeningsvörur og vörur úr Kasein, Bakelit, Nokait og öðrum þjettungsefnum úr Formaldehyd, gleri, postulíni, steinungi, leir, tjöru, asfalti, gipsi, steinlími, kalki, steini, tilbúnum steini, biki og vörur úr slíkum efnnum, með eða án íblöndunar, tæki til lækni- og dýralæknisnotkunar, hjúkr-unartæki, snyrtingartæki, húsgögn, spegla, rúm, peningaskápa, hljóðfæri og hluta úr þeim og búnað til þeirra, pappír, pappa, valpappa, veggfóður, harðgúm, gólfduka, kork, og vörur úr slíkum efnnum með

- 130** eða án íblöndunar, teikni-, rit- og málaraáhöld, efni til ljósmyndunar, prentunartæki, byggingarefni og -hluta, tóbak, tóbaksafurðir, vindlinga-pappír, eldspýtur, ofnar vörur og prjónles, prjónavörur og vaxdúk, og vörur búnar til úr slíkum efnum, þar með talinn fatnaður, teppi, lín-klæði, rúmföt, tilbúin blóm, þófa, skinn og leður, klukkur og hluta úr þeim, skildi og auglýsingartæki, rafvjarlar og rafáhöld og tæki, efni í raflögn alt fyrir háspennu, lágspennu, og útvarp, hluta úr og tæki við þau, talvjarlar, hluta úr og tæki við þær, fjarsjá, búsvjarlar og áhöld, glysvörur og skrautvörur.

*Skrás. 1928, nr. 21.*

Tilkent 3. október 1928, kl. 2 síðd., af Kaffee-Handels-Aktiengesellschaft, verksmiðjurekstur, Bremen, Þýskalandi, og skrásett 19. s. m.



**Rettungsring**

Ferstrendur miði með bogadregnum hornum. Í umgerðinni er bjarghringur og þar fyrir innan stendur: KAFFEE.H.A.G. í tveimur línum. Fyrir neðan miðann stendur orðið: Rettungsring.

Samkv. tilkynningu 31. júlí 1907, er merkið skrásett í Berlín 9. október 1907 fyrir kaffi, kaffibætir, koffein, te, lækningate og kókó, og er sú skrásetning síðast endurnýjuð 17. júní 1927.

*Skrás. 1928, nr. 22.*

130

Tilkynt 13. október 1928, kl. 11 árd., af O. Ellingsen, skipaútgerðar- og málningarvöruverslun, Reykjavík, og skrásett 19. s. m.



Hringmyndað merki á gulum grunni. Í miðjunni sjest víkingaskip á siglingu. Skipið er svart og seglið með svörtum og gulum röndum. Fyrir ofan standa orðin: VIKING OIL og svört stjarna hvoru megin, en fyrir neðan stendur: O. ELLINGSEN, REYKJAVÍK, og mynda þessar áletr-anir umgerðina.

Merkið er skrásett fyrir smurningsolíur og feiti til vjela og mótorá.

*Skrás. 1928, nr. 23.*

Tilkynt 23. október 1928, kl. 11 árd., af Vibe-Hastrups Kemiske Fabrikker ved Betty Vibe-Hastrup, verksmiðjurekstur. København F, Danmörku, og skrásett 26. s. m.

Orðið:

**„ALBIN“**

Samkv. tilkynningu 24. júlí 1928, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 15. septbr. s. á., fyrir efni föst, lin og fljótandi til liðkunar, varðveitingar, hreinsunar, litunar, fægingar, fágunar, skygningar, gljáningar og til að gera vatnshelt: leður, skinn, ofin og þrjónuð efni ásamt hlutum gerðum úr slíkum efnum, þar með talinn fatnaður, skófatnaður, söðla-smíðisvörur; efni föst, lin og fljótandi til varðveitingar, til að gera vatnshelt til skúrunar, slípunar og gljáningar á trje og hlutum gerðum úr því; efni föst, lin og fljótandi til skúrunar, slípunar og hreinsunar og til tál-

- 13C** unar ryðmyndun og öðrum skemdum á og til gljáningar málmum og hlutum gerðum úr þeim; prentsvertu, ofnsvertu og efni til að leysa þær upp með, hreinsunar- og skúrunarefni á steina, leirsmíðavörur og gler.

*Skrás. 1928, nr. 24.*

Tilkynt 8. ágúst 1928, kl. 4 síðd., af Montgomerie & Company Limited, verksmiðjurekstur, Glasgow, Englandi, og skrásett 30. október s. á.

Orðið:

## **B E R M A L I N E**

Merkið er skrásett í London 7. júlí 1898 fyrir fæðu og efni í fæðu, og er sú skrásetning síðast endurnýjuð 7. júlí 1926.

Samkv. útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, er tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 20. ágúst 1908.

*Skrás. 1928, nr. 25.*

Tilkynt 14. nóvember 1928, kl. 11 árd., af Pilkington Brothers Limited, verksmiðjurekstur, Liverpool, Englandi, og skrásett 24. s. m.

Orðið:

## **V I T A**

Merkið er skrásett í London 20. mars 1925, 15. flokki, fyrir gler.

Samkvæmt útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, er tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 31. mars 1928.

*Skrás. 1928, nr. 26.*

Tilkynt 27. nóvember 1928, kl. 10½ árd., af Standard Oil Company, verksmiðjurekstur, Bayonne í New Jersey og New York, N. Y., Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 28. s. m.



Hringur, er skiftist um miðju af tveimur lágrjettum strykum, en milli þeirra eru fimm stjörnur. **130**

Samkv. tilkynningu 11. febrúar 1926, er merkið skrásett í Washington 22. mars 1927 fyrir hreinsaðar, hálfhreinsaðar og óhreinsaðar olíur og feiti, sem framleiddar eru úr hráolíu, bæði með og án viðbótar af dýrafnum, jurtaefnum og steinaefnum, til ljósa, eldsneytis, orkuframleiðslu, leysingar, hitunar og smurnings.

Samkv. 10. gr. laga 43, 13. nóvbr. 1903, um vörumerki, hafa eftirgreind merki verið endurnýjuð á árinu:

*Skrás. 1908. nr. 1.*

Det danske Petroleums Aktieselskab, Köbenhavn, frá 14. desbr. 1928

*Skrás. 1908, nr. 2.*

Sami, frá 14. desbr. 1928.

*Skrás. 1918, nr. 1.*

Jens Villadsens Fabrikker, Köbenhavn, frá 12. febr. 1928.

*Skrás. 1918, nr. 2.*

Thomas Bear & Sons, Ltd. London, frá 1. júní 1928.

*Skrás. 1918, nr. 3.*

The American Tobacco Company, New York, frá 4. júní 1928.

Skrifstofa vörumerkjaskráritarans í Reykjavík, 31. desbr. 1928.

## FIRMNATILKYNNINGAR.

**131**

Samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903, um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð, hafa eftirgreinar tilkynningar verið auglýstar 1928:

### *I. Reykjavík:*

1. Við, Einar Einarsson, Laugaveg 53 A, Sigurður Hólmst. Jónsson, Kárastíg 9 og Helgi Vigfússon Grund við Grímstaðaholt, tilkynnum hjer með til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum blikksmiðju hjer í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu:

„Blikksmiðja Reykjavíkur“

Einar Einarsson & Co.